

Fundarferð ársfundar Retrieverdeildar 2015

Haldinn 12. mars 2015 í Sólheimakoti

Formaður setur fundinn.

Hann hefur fundinn á því að takka fyrir árið og góð samskipti innan deildarinnar. Minnst á það þótt auðvelt sé að falla í gryfju leiðinlegra skrifa á samfélagsmiðlum þá sýni deildarmeðlimir þann þroska að láta aldrei halla á aðra í skrifum sínum og halda gagnrýni málefnanlegri.

Formaður leggur til ritara og fundarstjóra

Fundurinn samþykkir Arnar Tryggvason sem fundarstjóra og Guðbjörgu Guðmundsdóttur sem fundarritara

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2014-2015 kynnt af Heiðari formanni

Skýrslan var ekki lesin í heild sinni heldur einungis útdætti úr henni þar hún hefur nú þegar legið á netinu í um 10 daga til að fólk geti kynnt sér hana. Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

Kynning á reikningum, kynnt af Þórhalli gjaldkera

Þórhallur les ársreikninga deildarinnar, smávegis umræður urðu og þeir síðan samþykktir án athugasemda.

Kosning til stjórnar

Þrjú sæti eru laus í stjórn en Guðbjörg Guðmundsdóttir, Heiðar J. Sveinsson og Þórhallur Viðar Atlason hafa lokið sínu kjörtímabili. Heiðar og Þórhallur gefa kost á sér til endurkjörs en Guðbjörg ekki. Auglýst eftir framboðum og eitt framboð kom, Sigrún Guðlaugardóttir bauð sig fram og kosning þeirra þriggja var staðfest með lófaklappi.

Nefndir deildarinnar

Að loknu kjöri til stjórnar er farið yfir nefndir deildarinnar og hverjir sitja í þeim. Nokkra tilkynningar hafa komið um breytingar á nefndarsetu og líta nefndirnar svona út nú þegar við förum inn í nýtt starfsár :

Veiðinefnd :

Arnar Tryggvason

Faney Harðardóttir

Guðjón P. Sigurðsson

Ingibjörg Friðriksdóttir

Ingólfur Guðmundsson

Ívar Guðmundsson

Jens Magnús Jakobsson

Kári Heiðdal

Kristján Baldvinsson

Pórhallur Viðar Atlason

Syninganefnd

Elsa Hlín Magnúsdóttir

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Sigrún Guðlaugardóttir

Pórgunnur Eyfjörð Pétursdóttir

Göngu- og skemmtinefnd

Atli Már Erlingsson

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Svanhildur Skúladóttir

Thelma Freysdóttir

Básanefnd

Sigrún Guðlaugardóttir

Svanhildur Skúladóttir

Arnar Tryggvason

Stofnun heimsíðunefndar

Heiðar segir frá hugmyndinni, en Olgeir Gestsson hefur haldið út vefsíðu Retrieverdeildarinnar (www.retriever.is) af mikilli elju allt frá árinu 1997. Það er alveg ljóst að deildin á besta gagnagrunn nokkurrar deildar innan félagsins og síðan sjálf aðgengileg. Aðstæður hafa breyst hjá Olgeiri og hann vill gjarnan hafa með sér fólk til að létta sér vinnu við vefinn. Tveir hafa boðið sig fram til starfa fyrir nefndina en það eru, utan Olgeirs,

Guðbjörg Guðmundsdóttir

Jóhann Friðriksson

Olgeir mun kalla nefndina saman eftir ársfund og leggja línurnar fyrir störf nefndarinnar.

Önnur mál

- Hvolpahandbókin kynnt, en stjórn hefur yfirfarið eldri bækling sem deildin gaf út fyrir nokkrum árum og endurbætt nokkuð. Dýrheimar ehf styrktu okkur veglega að venju og gáfu bæklinginn út fyrir okkur. Bæklingurinn er ætlaður nýjum Retrieverhvolpakaupendum til að leiðbeina þeim gegnum fyrstu skrefin í hundaeign. Ný stjórn mun ákveða hvernig þessum bæklingi verður dreift.
- Fyrirspurn kom úr sal um hvort ekki megi eyða hluta þess fjár sem göngu- og skemmtinefnd aflar til að kaupa BOS rósettur á sýningum. En BOS rósettur eru seldar þeim sem eiga besta hund af gagnstæðu kyni á sýningum. BOB rósettan (sú sem fer til þess hunds sem verður bestur af viðkomandi tegund) er gefin af HRFÍ. Ný stjórn mun skoða þetta.
- Rætt um ömurlega aðstöðu á síðustu sýningu, en mjög þröngt var í kringum Labrador hringinn og Golden hringurinn var svo lítill að ekkert gekk að sýna hreyfingar hjá hundum. Sýningin gekk engu að síður vel og sýnendur deildinni til sóma.
- Bráðargjaldið – veiðiprófsgjaldið hefur ekki hækkað í fjöldamörg ár og tveggja daga prófin sem eru dýrust taka lægstu gjöldin. Í ár er þriðja árið sem við kaupum allan svartfugl, áður gáfu skyttur deildarinnar iðulega svartfuglinn. Til að mæta þessu sóttir stjórn um leyfi til að innheimta bráðargjald í veiðiprófum til stjórnar HRFÍ og samþykkti hún að leyfa innheimtu 1000 krónur fyrir hverja

skráningu í próf. Stjórn Retrieverdeildar fundaði og ákvað að nýta sér helming þess og verður lagt 500 króna bráðargjald ofan á allar skráningar í veiðipróf 2015.

- Í ár eru 20 ár síðan fyrsta veiðiprófið var haldið, bæði fyrir standandi og sækjandi hunda. Komið hefur til tals að halda mót með sækivinnu einhverja helgi í sumar í samvinnu við fuglahundadeildirnar til að halda upp á þennan áfanga. Veiðinefnd í samvinnu stjórn tekur málið áfram.
- Umræður urðu um útreikning stiga fyrir stigahæsta hund í veiðiprófum ársins. Ýmsar hugmyndir viðraðar en engin niðurstaða fékkst um breytingar.
- Spurt hvort til sé bók fyrir þá sem eru að pæla í að kaupa sér hvolp, koma á framfæri við hrfi að koma því inn á hvolpasíðuna
- Kom fram hugmynd um að setja hvolpabæklinginni á heimasíðu deildarinnar á pdf formi.

Heiðar þakkar þeim sem eru að hætta í nefndum og stjórn fyrir þeirra vinnu í þágu deildarinnar og býður nýtt fólk velkomið til starfa og slítur fundi kl. 21:45

Fundargerð ritaði : GG